

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir



Ógæfusami
konungurinn



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Lyn Doerksen

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Samúel, dómari og leiðtogi Ísraels,
var orðinn gamall. Hann setti syni
sína dómara yfir
Ísrael, til að
taka stöðu sína
í þjónustu
Guðs.



En þeir voru illa innrættir,
elskuðu peninga,
og misnotuðu
völd sín til
að svindla.



Ísraelar liðu þjáninga sökum
óheiðarleika. Dómsstólarnir
voru óréttlátir.




Fólkið varð að borga sonum Samúels
í hvert skipti sem það þurfti
á hjálp að halda.



Nú þurfti eitthvað að ske. Dag einn fóru öldungar fólksins til Samúels til að leita hjálpar hans.




"Set þú nú konung yfir okkur til að dæma okkar mál," kröfðust þeir. Þeir vildu ekki hina illa innrættu syni Samúels sem dómara lengur. Þeir vildu konung eins og aðrar þjóðir.



Samúel mislíkaði kröfur þeirra.
Ísrael hafði konung! Hinn Eilífi
Almáttugi Guð var konungur
Ísrael. Fyrir löngu síðan losaði
hann þá úr ánauð Egypta og bjó
þeim göngustíg í gegnum
Rauða Hafið.






Svo
hafði
hann gefið
þeim þetta
stórkostlega
land, Ísrael.




Pegar Samúel bað til Guðs, svaraði hann, "Þeir hafa ekki mótmælt þér, þeir hafa hafnað mér sem konungi sínum, ...




... og þeir hafa þjónað öðrum guðum.
Gerðu það sem þeir óska,
og set konung
yfir þeim."





Guð sagði
Samúel að vara
fólkið við að
konungurinn
mundi
skattleggja
það; yfirtaka
víngarða
þeirra ...





... og bestu
landsbildur;
gera syni
þeirra að
hermönnum;
og krefjast
þess að
dætur þeirra
þjóni konungi.





þrátt fyrir
það, krafðist
fólki
að fá
konung.



Guð benti Samúel á
ungan, myndalegan,
feiminn, hávaxinn
mann, sem hét
Sál. Sál var
höfðinu
hærrí en
flestar
aðrir.





Um leið og Samúel
kom auga á Sál,
sagði Drottinn,
"Þetta er sá
sem á að
stjórna
þjóð
minni."



Samúel, samkvæmt fyrirskipun

Guðs, smurði nú

Sál sem konung

Ísraels. Er Samúel

kynnti Sál fyrir


fólkinu hrópaði

það, "Lengi lifi


konungurinn!"




Fyrr en varði reyndi á
forystuhæfileika Sáls.



Ammónítar, sem hötuðu Ísrael,
umkringdu eina borgina og hötuðu að
stinga hæggra augað úr öllum þar.



Þvílík grimmd. Er fréttin barst
honum til eyrna, fylltist Sál reiði
og gerði herlið sitt reyðubúið.





Hófst nú bardaginn og
gerðu hermenn Sáls út af
við Ammóníta
og björguðu þar
með borginni.
Sál konungur
vegsamaði Guð og
sagði: "Á þessum
degi hefur Drottinn
bjargað Ísrael."



Pann dag, veitti Guð Sál mikinn sigur.

En Sál var ekki alltaf heiðvirður

gagnvart Guði. Dag

einn, fyrir orrustu

við Filistea,

færði Sál Guði

brennifór.



Hann vissi að þetta átti Samúel að gera. Hann vissi að Guð vildi að hann hefði beðið eftir Samúel, en samt óhlýddist Sál Guði.



Þegar Samúel kom, sagði hann við
Sál, "Þú hefur hegðað þér
heimskulega.



Þú hefur ekki hlýtt fyrir mælum
Drottins Guðs þíns.



En nú mun konungdómur þinn
ekki standa lengur."




Það kann að vera að Sál hafi fundist þetta lítil synd.



En óhlýðni við Guð er ávallt
háalvarlegt mál.



Í annan tíma, skipaði Guð Sál
að útrýma öllum Amalekítum
fyrir illmennsku þeirra. En



Sál lét
þyrma
lífi
Agags
konungs
Amalekíta.





Samúel sagði við Sál, "Hlýðni er betri en fórn. Af því að þú hefur hafnað orði Drottins hefur hann hafnað þér sem konungi yfir Ísrael."





Sál var mjög hryggur
vegna syndar sinnar.

En það var um
seinan. Sál varð
óhamingjusamur
til dauðadags
vegna óhlýðni
sinnar
gagnvart
Guði.



Ógæfusami konungurinn

Sögu þessa úr heilagri ritningu,
biblíunni,

er að finna í

Fyrri Samúelsbók 8-16

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

